

Icelandic A: literature – Standard level – Paper 1
Islandais A : littérature – Niveau moyen – Épreuve 1
Islandés A: literatura – Nivel medio – Prueba 1

Wednesday 4 May 2016 (afternoon)
Mercredi 4 mai 2016 (après-midi)
Miércoles 4 de mayo de 2016 (tarde)

1 hour 30 minutes / 1 heure 30 minutes / 1 hora 30 minutos

Instructions to candidates

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a guided literary analysis on one passage only. In your answer you must address both of the guiding questions provided.
- The maximum mark for this examination paper is **[20 marks]**.

Instructions destinées aux candidats

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez une analyse littéraire dirigée d'un seul des passages. Les deux questions d'orientation fournies doivent être traitées dans votre réponse.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est de **[20 points]**.

Instrucciones para los alumnos

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un análisis literario guiado sobre un solo pasaje. Debe abordar las dos preguntas de orientación en su respuesta.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es **[20 puntos]**.

Skrifaðu stýrða bókmenntagreiningu um aðeins **annan** textann. Greining þín verður að bregðast við báðum leiðbeinandi spurningunum sem gefnar eru.

1.

Síðasti dagur útsölnnar – Eða leit að lífi

Þúngbúinn morgunn. Hann geingur inní verksmiðjuna ásamt gráklæddum félögum sínum. Himinninn er svo lágskýjaður að það gæti farið að rigna hvenær sem er.

Rigningarfjandinn, segir einn hinna gráklæddu. Nú er hann búinn að rigna hálf árið. Djöfuls rigningin, segir annar.

- 5 Hann reynir að flauta dægurlag, en mistekzt. Hann er ekki vel vaknaður, og strax og dyrnar opnast kemur syfjulegur daunninn á móti þeim. Hráolíublautur tvistur og smurningsfullar kúlulegur ánga í morgunkyrrðinni.

Hann tekur kortið með númerinu sínu og stimplar sig inn. Hér eru mennirnir fyrst og fremst númer, einkonar hluti af vélasamstæðu. Þeir hugsa stundum um hlutskipti sitt meðal

- 10 vélanna, einkum á morgnanna er þeir koma hvíldir af svefni næturinnar inní vinnudaginn. Hann geingur að sinni vél og byrjar að fægja og smyrja, athuga hvern kopp og hverja legu. Vélin þarf líka sinn morgunverð. Hann fer höndum um ýmsa vélarhluta, þreifar með lyklum eftir tökkum og leiðslum, skrúfar og teingir. Allt verður hreint og glansandi, og liðugt.

Vélarnar fara í gáng hver af annarri, hjólin snúast og reimarnar titra undan átökunum.

- 15 Hann reynir enn að blístra, en nú hverfur allt í vélardyninn, hann heyrir ekki sína eigin rödd. Vélarnar svelgja í sig hvern hávaða, þær blífa. Allt sem skröltir er heilagt. Vélin er hinn eini sanni guð og hann sem hún sendir: Peníngurinn.

Og maðurinn sem lifir ekki af einu saman brauði, heldur og af sérhverjum hávaða sem framgeingur af vélunum, hann brosir varla en tvístígur einn og þögull.

- 20 Jafnvel stórir hópar af mönnum sem liggja á daginn undir sömu vél, gánga hljóðir heim að kvöldi með dagblað í rassvasanum. Hver um sig einn og hugsandi um ventil eða pakkníngu stimpil eða túrbínu. Með hljómfall vélarinnar í taugunum, snæða þeir einir á fjölmönnum veitíngastað. Þreyttir og einhleypir sitja þeir bakvið útbreitt dagblað og útvarpið hellir yfir þá vélrænum taktinum.

- 25 Jafnvel fjölskyldumenn eru einhleypir á svona stað, sitja tyggjandi í ævilaungum hávaðanum og rifja upp minningar frá þeim horfna tíma er þeir voru ennþá menn og lífið ennþá líf. Og þeir stínga hugsandi síðustu leyfarnar úr tönnum sér.

Jón frá Pálmholti, *Tilgángur í lífinu* (1968)

- (a) Ræddu viðhorf höfundarins til tengsla manns og vélar eins og það birtist í þessum texta.
- (b) Fjallaðu um þá stemmningu sem höfundur skapar í textanum og þær aðferðir sem hann notar til þess.

2.

ást mín til þín

er garnaheinsandi
pípandi magaverkur á hverjum degi

er sýrumyndandi
ælan fer aldrei úr hálsinum

5 er heilsuspillandi
ráfa um vansvefta og guggin

er niðurlægjandi
sjálfsálitíð vafið um hælana

10 er eyðileggjandi
hreyti ónotum í mína nánustu

er niðurrífandi
sé feitt skrímsli í speglinum

15 ást mín til þín
er samt næstum örugglega ímyndun
spennufíkils með of lítið við að vera

ást mín til þín
er ekki til og
þetta ljóð því uppspuni einn

Ingunn Snædal, *Það sem ég hefði átt að segja næst* (2011)

- (a) Fjallaðu um þær hugmyndir um ástina sem koma fram í ljóðinu og sérstaklega áhrif myndmálsins sem höfundur notar.
- (b) Fjallaðu um áhrif uppbyggingar ljóðsins á heildartúlkun þess.